

## Áskorun frá ráði Rótarinnar vegna málefna unglunga í fíknivanda

Í ljósi þess að SÁÁ hefur ákveðið að taka ekki lengur við börnum yngri en 18 ára í meðferð á Vogu skorar ráð Rótarinnar á Alþingi og ríkisstjórn, sérstaklega ráðherra velferðarmála, að tryggja að meðferð barna og unglunga verði á hendi opinberra aðila. Ráðið telur lausnina ekki felast í því að auka fjármagn til SÁÁ þannig að hægt verði að byggja tengibygginu við Vog fyrir nýja Bangsadeild.

Því miður er ekki rétt sem kemur fram í yfirlýsingu frá SÁÁ að einungis eitt barn hafi „hugsanlega orðið fyrir skaða innan veggja spítalans“. Rótin hefur frá stofnun félagsins fyrir fimm árum ítrekað sagt frá atvikum sem gerst hafa á Vogu en talað fyrir daufum eyrum.

**Samkvæmt 27. gr. laga um réttindi sjúklinga á umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum að hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi. Staður þar sem börn og ungmenni eiga á hættu að verða fyrir ofbeldi er svo sannarlega ekki slíkur staður.**

Í viðtali í kvöldfréttum Sjónvarps hinn, 10. apríl, vegna kynferðisbrots, sem kært hefur verið til lögreglu, gagnvart 16 ára stúlku sem var til meðferðar á Vogu var haft eftir Valgerði Rúnarsdóttur, yfirlækni, að ungmennadeild spítalans væri sérstaklega vel mönnuð og að allir eigi þar gott aðgengi að starfsfólki. Síðan bætti hún við: „Þannig að það á enginn að verða fyrir einhverju **sem hann vill ekki eða er óánægður með af því að hann getur alltaf forðast það** og leitað til starfsfólks ef það er eitthvað slíkt.“ Svo lýsti hún aðstæðum á Vogu og sagði: „Þannig að þetta eru allt opin rými og engin áhætta í því fólgin að vera hérna en **hins vegar getum við ekki alltaf ábyrgst þeirra áhættu hegðun.**“

Valgerður setur alla ábyrgð á ofbeldi sem sjúklingar sem dvelja á ungmennadeild á Vogu kunna að verða fyrir, á börnin, þolendur ofbeldisins. Þó að Valgerði sé tíðrætt um áhættu hegðun ungmenna í meðferð virðist hún lítið tengja þá hegðun við það að mörg þeirra hafa orðið fyrir áföllum og ofbeldi sem að eykur á varnarleysi gagnvart t.d. tælingu. **Kynlíf með barni undir 15 ára aldri eða að tæla barn á aldrinum 15 til 18 ára til kynferðislegra athafna telst kynferðisbrot samkvæmt 202. gr. hegningarlaga og því er ótrúlegt að yfirlæknirinn tali um slík brot á þann hátt að brotapolar geti á einhvern hátt verið ábyrgir og lýsir óásættanlegu viðhorfi meðferðaraðila til barna í miklum vanda.**

F.h. Rótarinnar,

Kristín I. Pálsdóttir, talskona  
Sími: 8939327